

Nd.

306. Frumvarp til laga

[167. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

2. töluliður 6. gr. laga nr. 10/1960 orðist svo:

Matvæli, kaffi og te. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um mörkin milli matvæla og annarrar vöru, t. a. m. sælgætis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að hætt verði að innheimta söluskatt af öllum matvælum, kaffi og te.

Í gildandi lögum um söluskatt eru í 6. gr. ákvæði um lögskipaðar undanþágur frá þessari skattheimtu. Þar er að finna ákvæði um að nýmjólk skuli undanþegin söluskatti, og nær sú undanþága einnig til súrmjólkur og undanrennu. Einnig er þar ákveðið að ekki skuli leggja slíkan skatt á sölu á neysluvatni.

Þá kveða lögin svo á að ráðherra sé heimilt að undanþiggja ákveðnar tegundir vöru og þjónustu söluskatti. Hefur sú heimild verið notuð í allmörgum tilvikum; einkum gerðist það þegar vinstri stjórnin tók við störfum 1971. Af þessum undanþágum má nefna neyslufisk, notkun á heitu vatni frá sameiginlegum kyndistöðvum, fæðissölu mótuneyta, mjólkurvörur sem ekki voru áður undanþegnar, svo sem smjör, rjóma, skyr og osta, heitt vatn frá hitaveitum, olíu til húshitunar, rafmagn til húshitunar og fargjöld með strætisvögnum.

Eins og áður er sagt gerir frumvarp þetta ráð fyrir að allar matvörur verði undanþegnar söluskatti, enn fremur kaffi og te. Ástæðan fyrir flutningi þess er að sjálfsögðu óðaverðbólga sú sem dunið hefur á þjóðinni að undanfögnu og á sér engar hliðstæður í fyrri sögu íslendinga. Engar vörur hafa hækkað jafnmikið og matvæli, en meðalhækkun þeirra hefur orðið um 42.1% í tíð núverandi ríkisstjórnar. Á næstu vikum munu svo dynja yfir nýjar stórhækkanir af völdum síðustu gengislækkunar og af ýmsum öðrum ástæðum. Á sama tíma er bannað með lögum að greiða vísitölubætur á kaup, og þær láglauubætur, sem greiddar eru, jafngilda aðeins litlu broti af verðhækkuninum. Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á því að stórfelld hækkun á matvælum bitnar hlutfallslega þyngst á láglauunafólki, barnmörgum fjölskyldum, öldruðu fólki og öryrkjum, sem nota mestan hluta launa sinna til matarkaupa, og því hefur sú þróun, sem orðið hefur að undanfögnu, magnað stórlega þjóðfélagslegt ranglæti hérlendis.

Með því að lögbinda að matvæli skuli undanþegin söluskatti mundi einnig falla niður hliðstæð innheimta á þeim söluskattsstigum sem ekki hafa áhrif á framfærsluvísitölu, enn fremur viðlagagjald af matvælum. Lækkunin mundi því jafngilda 19 hundraðshlutum. Miðað við heildarsölu á matvælum á síðasta ári má áætla að söluskattur af þeim vörum hafi numið 1.3—1.4 milljörðum króna. Miðað við það verðlag, sem nú er á matvælum og fyrirsjáanlegt er af völdum gengislækkunarinnar, mundi niðurfelling á söluskatti af matvælum, trúlega jafngilda um 2 000 milljónum króna. Slík niðurfelling á söluskatti í fyrri hefði lækkað vísitöluna um tæp 4%, en hagsbótin hefði að sjálfsögðu orðið margfalt meiri fyrir það fólk sem notar meginhluta tekna sinna til matarkaupa.

Sú tilhögun að undanþiggja matvæli söluskatti eða hafa mun lægri söluskatt (eða virðisaukaskatt) á þeim tíðkast víða í grannlöndum okkar og þykir sjálfsögð til þess að jafna kjör manna. Embættismenn hérlendis hafa einnig haft uppi þær röksemdir gegn slíkri tilhögun að hún auðveldi kaupskýslumönnum undandrätt á söluskatti. Matvæli eru hins vegar svo samfelldur vöruflokkur að auðvelt ætti að vera að fella niður söluskatt af þeim án þess að skattsvik aukist, enda eru þau yfirleitt seld í sérstökum verslunum. Af þessum ástæðum er ekki heldur farið inn á þá braut í frumvarpinu að greina í sundur þörf matvæli og miður þörf. Þá aðgreiningu gætu stjórnarvöld hins vegar framkvæmt, meðan innflutningur þjóðarinnar er háður neyslulánum, á þann hátt að hætta um skeið að flytja inn erlent fiskmeti fyrir hundruð milljóna króna á ári, kex, tertubotna, vinarbrauð, öl og erlent vatn soðið niður í dósir, svo að örfá dæmi séu nefnd.

Að undanfögnu hafa kjaramál mjög verið til umræðu milli fulltrúa verka-fólks og ríkisstjórnar. Í þeim umræðum hafa fulltrúar Alþýðusambands Íslands að sjálfsögðu sagt að þeir muni meta félagslegar aðgerðir til jafns við kauphækkanir, þar á meðal skattalækkanir. Þær skattalækkanir, sem koma láglauunafólki að

mestu gagna, eru lækkanir á söluskatti og útsvari. Útsvör eru nú orðin mjög þungbær fyrir láglaunafólk, og hefur Geir Gunnarsson nýlega flutt frumvarp um leiðréttingar á því kerfi. Það frumvarp, sem hér er flutt um afnám á söluskatti af matvælum, hefur hliðstæðan tilgang og mundi fyrst og fremst koma að gagna því fólki sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu.

Í þessu frumvarpi er ekki fjallað um tekjuöflun handa ríkissjóði til þess að veða upp lækkun tekna af söluskatti. Ástæðan er sú að gengislækkunin mun hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs, og hingað til hafa gengislækkanir ævinlega aukið ríkistekjurnar. Í annan stað hafa ráðherrar að undanförunu lýst áformum sínum að lækka útgjöld ríkisins verulega. Því er ekki tímabært fyrir óbreytta þingmenn að fjalla um afkomu ríkissjóðs, eins og nú standa sakir, en komi í ljós að afnám söluskatts á matvælum geri aðra tekjuöflun óhjákvæmilega eru flutningsmenn að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að gera tillögur um það, hvernig jafna megi þau met án þess að íþyngja afkomu lágtekjufólks.